

# Fundargerð 92. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, föstudaginn 15. desember kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Góða hirðinum, Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Benedikt Traustason boðaði forföll en Guðmundur Tryggvi Ólafsson, varamaður, kom inn í stað hans. Steinþór Þórðarson boðaði forföll. Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Flosi Hrafn Sigurðsson sátu fundinn í gegnum Teams.

Að auki sátu fundinn Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur og Hugrún Geirsdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA**

*Fundargerð 91. fundar samþykkt samhljóða.*

**2. Söfnun heimilisúrgangs hjá lögaðilum - 2304017SA**

Sveitarfélög eru skv. lögum ábyrg fyrir reglulegri tæmingu fláta og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum og lögaðilum í þéttbýli. Auk þess er þeim skylt að ná markmiðum er varða endurvinnslu þess úrgangs sem safnast. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur bent á, í tengslum við gerð nýrra samþykta sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs, á grundvelli 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, að fram komi að lögaðilar geti óskað eftir þjónustu sveitarfélaga.

Framkvæmdin hefur hingað til í flestum tilfellum verið þannig að lögaðilar hafa leitað þjónustu verktaka eða farið sjálfir með eigin úrgang á söfnunarstöðvar. Í 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023, kemur fram að sveitarfélög beri ábyrgð á söfnun og flutningi alls heimilisúrgangs frá heimilum og lögaðilum. Þrátt fyrir ábyrgð sveitarstjórna takmarkar það ekki heimild lögaðila til að gera beinan samning við þjónustuaðila um söfnun og flutning heimilisúrgangs frá eigin starfssemi. Sambandið leitaði lögfræðialits hjá lögfræðistofunni Landslögum til að greina nánar hvaða skyldur hvíla á herðum sveitarfélaga hvað varðar söfnun heimilisúrgangs frá lögaðilum,. Fyrir liggja drög að minnisblaði um málið sem var til kynningar á fundinum en minnisblaðið er í rýni hjá sérfræðingum sambandsins.

Verkefnisstjórn telur mikilvægt að fá úr því skorið hver sé ábyrgð og hlutverk sveitarfélaga er kemur að söfnun heimilisúrgangs hjá lögaðilum og hver staða þeirra sé hvað það varðar í ljósi samkeppnissjónarmiða. Stjórnin felur starfsfólki sambandsins að vinna málið áfram og að lokið verði við gerð minnisblaðsins

*eftir að tekið hafi verið tillit til ábendinga sambandsins um innihald þess.*

**3. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar 2020 - 2009107SA**

Jón Viggó Gunnarsson, nýr fulltrúi sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs, sagði frá þeim málum sem hafa komið inn á borð stjórnar að undanfögnu. Vilji er bæði hjá nýjum framkvæmdastjóra og stjórnar sjóðsins til að vinna að breytingum á verkferlum innan sjóðsins en unnið er að því að finna sameiginlegan flöt á forgangsröðun verkefna sjóðsins á næstunni. Unnið er að því hjá sjóðnum að greina tekjugrunninn, bæði hvernig upplýsingum er skilað og hvernig úrvinnslugjaldið skilar sér í gegnum tollinn. Greiðslur vegna sérstakrar söfnunar hafa skilað sér bæði seint og illa til sveitarfélaga og hafa sveitarfélög fengið greitt fyrir fyrri helming ársins. Engar greiðslur hafa borist vegna hreinsunar á víðavangi og rangar greiðslur ekki enn verið leiðréttar. Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs hafa komið því á framfæri er löggin voru staðfest að eðlilegt væri að greiðslur sjóðsins vegna sérstakrar söfnunar myndu byggjast á gögnum sveitarfélaga yfir kostnað vegna meðhöndlunar úrgangs. Ennfremur benti fulltrúi sambandsins í stjórn á þeim tíma á að þjónustuaðilar hefðu enga hvata til að skila inn skilagreinum en sú ákvörðun var ofan á, að greiðslur vegna sérstakrar söfnunar yrðu byggðar á skilagreinum verktaka sveitarfélaga, en ekki sveitarfélögum. Fulltrúar sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs bókuðu eftirfarandi á fundi sjóðsins 10. mars sl.: „Í skilmálum Úrvinnslusjóðs er gert ráð fyrir að greiðslur til sveitarfélaga byggist á gögnum sem verktakar á þeirra vegum skila til Úrvinnslusjóðs. Fulltrúar sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs óska eftir að sjóðurinn bregðist við ef þau gögn berast ekki af einhverjum ástæðum þannig að greiðslupátttaka Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar verði tryggð.“

*Verkefnisstjórn telur brýnt að samtal eigi sér stað á milli fulltrúa sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs og formanns og framkvæmdastjóra sambandsins um málefni Úrvinnslusjóðs og stöðu sveitarfélaganna gagnvart honum. Að mati verkefnisstjórnar þarf að ramma starfsemi sjóðsins inn í lögum og reglugerðum í mun meira mæli, sér í lagi hvernig kostnaðarpátttaka mismunandi framleiðenda og innflytjenda er ákveðin í gegnum álagningu úrvinnslugjalda og hvernig greiðslur úr sjóðnum vegna úrgangs sem sjóðurinn ber ábyrgð á skuli grundvallaðar. Verkefnisstjórnin telur miður að reglugerð um úrvinnslugjald hafi ekki enn verið endurskoðuð á grunnvelli nýrra laga og óskar eftir að sambandið takið málið upp við umhverfis-, loftslags- og orkmálaráðuneytið.*

**4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma - 2312014SA**

Fyrir liggur á Alþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (EES-reglur o.fl.). 483. mál. Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur hjá sambandinu, sagði frá umsögn sambandsins um málið og fundi sem sambandið átti með atvinnuveganefnd. Í frumvarpinu er verið að styrkja eftirlit og sektarákvæði fyrir þá sem reka urðunarstaði þannig að allir sem meðhöndla dýraleifar séu undir virku eftirliti Matvælastofnunar. Með frumvarpinu er komin heimild til

að kæra rekstraraðila urðunarstaða fyrir að taka á móti og urða dýraleifar. Í umsögn sambandsins kemur fram að á sama tíma og sambandið telur afar mikilvægt að unnið sé að breytingum á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim þá sé byrjað á vitlausum enda. Upphafsskrefið ætti fremur að vera að tryggja leyfilegar ráðstöfunarleiðir fyrir þessar afurðir í stað þess að leggja afar íþyngjandi eftirlitsheimildir og viðurlagaákvæði á þá sem koma að því að takmarka eins og hægt er útbreiðslu dýrasjúkdóma miðað við stöðu innviða á Íslandi í dag. Sambandið hefur bent á að það er hvorki keppikefli sveitarfélaga né urðunarstaða að taka á móti dýraleifum en þau hafa sinnt því á meðan engir aðrir og hentugri innviðir eru fyrir hendi. Á meðan farvegir eru ekki til staðar fyrir þessar afurðir lítur sambandið svo á að urðun aukaafurða dýra á urðunarstöðum sveitarfélaga geti ekki talist sem brot á lögum. Ef slíkum viðurlögum verður beitt gagnvart urðunarstöðum þurfa þeir að vísa þessum afurðum frá sér. Hætta er þá á að þessi flokkur afurða verði urðaður án eftirlits víðsvegar um landið með tilheyrandi áhættu á dreifingu dýrasjúkdóma sem er andstætt markmiðum fyrirhugaðra laga. Sambandið fjallar um í minnisblaði, dags. 4. júlí 2023, að íslenska ríkið ber skyldu til þess að hafa raunverulega farvegi til að ráðstafa þessum afurðum. Ennfremur er það niðurstaða sama minnisblaðs að söfnun, flutningur og önnur meðhöndlun aukaafurða dýra sé ekki lögbundið hlutverk sveitarfélaga og er sveitarfélögum aðeins heimilt að safna, flytja og meðhöndla dýraleifar á þeim grundvelli að um ólögbundið verkefni sveitarfélags sé að ræða. Atvinnuveganefnd alþingis virðist ætla að bregðast við sjónarmiðum er hafa verið kynnt af hálfu sambandsins og setja inn undanþáguákvæði í frumvarpið en enn er beðið eftir niðurstöðu nefndarálits.

*Verkefnisstjórn þakkar kynningu þessa máls og tekur undir umsögn sambandsins um frumvarpið. Í ljósi þessa þarf að skoða heimildir sveitarfélaga til að stöðva móttöku úrgangs á urðunarstöðum.*

Helgi Þór Ingason kom inn á fundinn í gegnum Teams.

##### **5. Brennsla úrgangs 2020-2025 - 2009109SA**

Annar áfangi forverkefnis um brennslu í stað urðunar fór af stað í haust. Verkefnið er styrkt af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og fjallar um innleiðingu nýrrar framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi í stað urðunar. Annar áfangi verkefnisins gengur út á að gera samanburð á tveimur möguleikum varðandi uppbyggingu brennslu á úrgangi með orkunýtingu (WtE - waste to energy) á Íslandi. Helgi Þór Ingason, verkefnisstjóri verkefnisins, kom á fundinn og sagði frá stöðu verkefnisins og helstu niðurstöðum allra þátta verkefnisins en heildarniðurstöður verða birtar eftir áramót. Áður hafði Helgi Þór komið inn á fund verkefnisstjórnar 3. okt. sl. og sagt frá forsendum verkefnisins. Framvindu verkefnisins miðar vel áfram og var það með ráðum gert að færa birtingu heildarniðurstaðna fram yfir áramót en fyrirhugað er að kynna niðurstöðurnar bæði í fjarfundi í fundarröðinni „Skör ofar? sem sambandið hefur haldið utan um og kynna niðurstöðurnar á staðfundum, fyrir sunnan og norðan.

Verkefnisstjórn þakkar Helga Þór fyrir góða kynningu. Stjórn telur mikilvægt að upplýsa um niðurstöður verkefnisins vel og kynna í samhengi við hringrásarhagkerfið. Ennfremur vill verkefnisstjórn koma á framfæri þeim sjónarmiðum, að í kjölfar niðurstaðna forverkefnisins, verði tekin afstaða um fjármögnun og framkvæmd verkefnisins sem sé mikilvægur þáttur í uppbyggingu hringrásarhagkerfisins hér á landi.

#### **6. Samræmdar flokkunarmerkingar og EUPicto samstarfið - 2009210SA**

Samningur sambandsins og Fagráðs um endurvinnslu og úrgang (FENÚR) vegna innleiðingar samnorrænu merkinganna innanlands rennur út um áramótin 2023. Sambandið er aðili að EUPicto sem á merkingarnar. Verkbættir samningsins eru fjármagnaðir í gegnum samning sambandsins og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins sem jafnframt gildir til áramóta. Í minnisblaði sambandsins, dags. 27. október, er lagt til að leitað verði eftir samstarfi við aðra aðila til að sjá um rekstur verkefnisins. Einnig er það lagt til að fjármagn verði aukið til verkefnisins. Eftir að málið var tekið fyrir á fundi verkefnisstjórnar hefur sambandið átt samtalið við SORPU bs um að taka verkefnið að sér. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur fengið afrit af minnisblaðinu og er beðið viðbragða ráðuneytisins við þeim tillögum sem þar eru lagðar til. FENÚR hefur einnig ályktað um málið og kynnti formaður, Hrefna B. Jónsdóttir, bókun félagsins um framhald verkefnisins. Í bókun FENÚR kemur fram að félagið telur að auka þarf fjármagn til verkefnisins og að mikilvægt sé að verkefnið nái yfir landið allt. Jafnframt lýsir FENÚR vilja til þess að vera nýjum umsjónaraðila innan handar við yfirfærslu verkefnisins og sé reiðubúið til að taka áfram þátt í samtalinu um þróun og innleiðingu merkinganna.

Verkefnisstjórn þakkar FENÚR fyrir þeirra starf að innleiðingu samræmdra flokkunarmerkinga á Íslandi. Stjórnin telur nauðsynlegt að innleiðing samræmdra merkinga sé í traustu og samfelldu ferli hjá umsjónaraðila sem getur sinnt verkefninu á breiðum grundvelli á grunni EUPicto samstarfsins. Verkefnisstjórn tekur undir sjónarmið FENÚR um að verkefnið sé vanfjármagnað og tryggja þurfi nauðsynlega fjármögnun til verkefnisins svo rétt sé að staðið og að meira samstarf verði við framleiðendur um að nýta merkingarnar á vörur sínar og umbúðir.

#### **7. Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA**

Verkefnisstjórn óskaði eftir, á 89. fundi þann 28. ágúst sl., að sambandið hrinti af stað verkefni um kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Eftir að samþykki stjórnar sambandsins lá fyrir á stjórnarfundum þann 29. sept. sl., hófst vinna við að skilgreina verkþætti og koma verkefninu til framkvæmda. Hugrún Geirsdóttir, sérfræðingur hjá sambandinu, greindi frá framgangi verkefnisins. Auglýst var eftir umsóknum sveitarfélaga til þátttöku í verkefninu yfir tveggja vikna tímabil í nóv./des. en umsóknarfrestur rann út 7. des. sl. Fimm sveitarfélög verða valin til þátttöku en alls bárust 22 umsóknir áhugasamra sveitarfélaga. Lokið hefur verið við að fara yfir umsóknir og val þessara fimm sveitarfélaga liggur fyrir ásamt greinargerð um þær valforsendur sem lágu að baki. Tilkynning um hvaða sveitarfélög voru valin til

Þátttöku verður send út fyrir jól. Sveitarfélögum, sem verða ekki valin til þátttöku, mun bjóðast að taka þátt í bakhópi um kostnað sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs, sem settur verður á laggirnar á meðan verkefninu stendur.

**8. Önnur mál - 2009111SA**

Engin önnur mál voru á dagskrá fundar.

Fundi var slitið kl. 12:15

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson

---

Guðmundur Tryggvi Ólafsson